

1753

Föstudaginn 17. maí 1996.

Nr. 141/1995.

**Lögmenn Jón Örn Ingólfsson og
Jón Gunnar Zoëga**

(Jón Gunnar Zoëga hrl.)

gegn

Landsbanka Íslands

(Stefán Pétursson hrl.)

Skuldabréf. Framsal.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir og Garðar Gíslason og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 25. apríl 1995 að fengnu áfrýjunarleyfi sama dag. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda í málinu og málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

Með skírskotun til forsendna hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjendur greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

D ó m s o r ð :

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Lögmenn Jón Örn Ingólfsson og Jón Gunnar Zoëga, greiði stefnda, Landsbanka Íslands, 130.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 4. október 1994.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var 23. september sl., hefur bankastjórn Landsbanka Íslands, kt. 710169-3819, Austurstræti 11, Reykjavík, f. h. bankans höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur með stefnu, birtri 26. mars 1993, 6. apríl s. á. og 21. apríl s. á., á hendur Jóni Erni Ingólfssyni, Haukanesi 21, Garðabæ, og Jóni Gunnari Zoëga, Reynimel 29, Reykjavík, sameigendum

fyrirtækisins Lögmenn Jón Örn Ingólfsson hrl. og Jón Gunnar Zoëga hrl., kt. 560279-0519, Skúlagötu 30, Reykjavík, f. h. fyrirtækisins og persónulega, og Ingólfi Guðbrandssyni, Laugarásvegi 21, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda.

Þær eru, að stefndu verði dæmdir til greiðslu skuldar in solidum, að fjárhæð 1.083.263 kr., með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 14. gr. I. nr. 25/1987, sbr. 5. gr. I. nr. 67/1989, frá 1. 5. 1992 til greiðsludags. Gerð er krafa um vaxtavexti á 12 mánaða fresti frá gjalddaga. Jafnframt er krafist málskostnaðar að skaðlausu að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Dómkröfur stefndu Jóns Arnar Ingólfssonar og Jóns Gunnars Zoëga persónulega og vegna fyrirtækisins Lögmenn Jón Örn Ingólfsson hrl. og Jón Gunnar Zoëga hrl.

Þær eru, að stefndu verði sýknaðir að fullu af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða málskostnað að mati réttarins, og beri málskostnaðarfjárhæð hæstu lögleyfðu dráttarvexti frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags að viðbættum virðisaukaskatti á málflutningsþóknun.

Af hálfu stefnda Ingólfs Guðbrandssonar hefur ekki verið sótt þing.

II.

Málavextir.

Krafan er samkvæmt skuldabréfi, út gefnu af stefndu, Jóni Erni Ingólfssyni og Jóni Gunnari Zoëga, 1. nóvember 1991 til Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar, kt. 421089-1169, Austurstræti 17, Reykjavík, að fjárhæð 1.000.000 kr. Á bakhlið bréfsins er framsal Andra Ingólfssonar, pr. pr. Ferðaskrifstofan Veröld, til Ingólfs Guðbrandssonar, dags. 29. nóvember 1991. Enn fremur er þar framsal Ingólfs Guðbrandssonar til Landsbanka Íslands með sjálf-skuldarábyrgð framseljanda, dags. 29. 11. 1991.

Samkvæmt texta bréfsins skyldi endurgreiða lánið á tveimur árum með fjórum afborgunum á sex mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 5. 1992. Vextir skyldu vera skuldabréfavextir skv. ákvörðun Landsbanka Íslands af samþærilegum og/eða hliðstæðum lánnum hverju sinni og reiknast frá 1. 11. 1991.

III.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi reisir kröfur sínar á framangreindu skuldabréfi, sem lagt hefur verið fram í málinu sem dskj. nr. 3.

Stefnandi kveður Ferðamiðstöðina Veröld hf. vera skrifaða í bréfinu sem Ferðaskrifstofuna Veröld og/eða Ferðamiðstöðina Veröld, en skv. vottorði frá Hlutafélagaskrá hafi fyrirtækið heitið Ferðamiðstöðin Veröld hf.

Stefnandi sundurliðar fjárhæð kröfunnar þannig:

Höfuðstóll	kr. 1.000.000
Vextir frá 1. 11. 1991 til 1. 5. 1992	- 83.263
	<hr/>
	Kr. 1.083.263

Stefnandi kveður vexti hafa verið við útgáfu bréfsins 17,75% ársvexti. Þeir séu breytilegir og hækki eða lækki í samræmi við vaxtaákvæðanir bankans á hverjum tíma.

Stefnandi kveður málið rekið sem skuldamál skv. XVII. kafla l. nr. 91/1991, sbr. 169. gr. s. l. Dráttarvaxtakrafan sé reist á l. nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafa um málskostnað og dráttarvexti á málskostnað sé studd XXI. kafla l. nr. 91/1991, krafa um virðisaukaskatt á málflytninguþóknun sé samkv. l. nr. 50/1988, en stefnandi sé ekki virðisaukaskattsskyldur.

Málsástæður stefndu, Jóns Arnar Ingólfssonar og Jóns Gunnars Zoëga persónulega og vegna fyrirtækisins Lögmenn Jón Örn Ingólfsson hrl. og Jón Gunnar Zoëga hrl.

Stefndu kveða Svavar Egilsson, forstjóra Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar hf., hafa fengið í hendur frumrit og samrit skuldabréfsins, en láðst hafi að rita á bréfin „frumrit“ og „samrit“. Hafi Svavar gefið út móttökukvittun f. h. félagsins, dags. 1. 11. 1991, sbr. dskj. nr. 7.

Bréfið hafi verið vísitölubundið. Stuttu eftir að það var gefið út, hafi Andri Ingólfsson haft samband við útgefendur bréfsins og beðið þá að breyta bréfinu á þann veg, að það bæri vexti óverðtryggðra bréfa í samræmi við vaxtaákvæðanir Landsbanka Íslands á hverjum tíma af sambærilegum og/eða hliðstæðum bréfum. Hafi útgefendur fallist á þetta og bréfinu verið breytt með þessum hætti, enda hafi þeir talið, að um væri að ræða frumrit bréfsins, sem þeir gáfu út 1. 11. 1991.

Þegar að fyrsta gjalddaga bréfsins kom 1. maí 1992, hafi útgefendum bréfsins borist greiðsluseðlar frá tveimur aðilum, Reykvískri tryggingu hf. og Landsbanka Íslands. Hafi þá komið í ljós, að ekki væri allt með felldu um bréf það, sem gefið hafði verið út til ferðaskrifstofunnar. Eftirgrennslanir hafi leitt í ljós, að tvö „frumrit“ bréfsins væru komin í umferð, en láðst hafði að rita orðið „samrit“ á afrit bréfsins. Nánari eftirgrennslanir hafi leitt í ljós, að Svavar Egilsson hafði sett Reykvískri tryggingu hið raunverulega frumrit bréfsins að handveði f. h. Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar hf. og bréfið verið framselt af honum. Hafi Svavar upplýst, að svo hefði samist með Svavari og feðgunum Andra Ingólfssyni og Ingólfi Guðbrandssyni, að Ingólfur fengi skuldabréfið afhent, þegar veðbönd losnuðu af bréfinu, sem afhent var Reykvískri endurtryggingu hf. Svavar hafi enn fremur sagt

Andra, að afritið, sem Andri framseldi síðar föður sínum, væri afrit frumbréfsins og mætti alls ekki nota. Svavar hafi einnig tjáð stefndu, að Andri hefði ekki haft prókúru fyrir Ferðaskrifstofuna Veröld hf.

Stefndu vísa til 118. gr. l. nr. 91/1991 og telja, að varnir komist að, og vísa til 1. mgr. a-liðar, þ. e. um aðildarskort.

Stefndu telja enn fremur, að varnir á því byggðar, að um samrit sé að ræða, eigi alltaf að komast að, þar sem ekki sé um viðskiptabréf að ræða.

Stefndu kveða stefnanda hafa lýst yfir við stefnda Jón Ingólfsson hrl., að þeir megi koma að öllum vörnum varðandi skjal það, sem stefna stafi af, þ. e., að bankinn muni ekki bera fyrir sig 17. kafla l. nr. 91/1991, og vísa stefndu til 119. gr. l. nr. 91/1991 í þessu sambandi.

Sýknukröfu sína reisa stefndu enn fremur á eftirfarandi málsástæðum og rökum:

Framsál bréfsins frá Ferðamiðstöðinni Veröld hf. til Ingólfs Guðbrands-sonar, dags. 29. 11. 1991, hafi verið ógilt.

Andri Ingólfsson hafi framselt bréfið f. h. fyrirtækisins Ingólfi Guðbrandssyni án þess að hafa til þess nokkra heimild.

Samkvæmt yfirlýsingu, dags. 26. 11. 1991, þremur dögum áður en umstefnt skjal sé framselt, lýsi Andri Ingólfsson yfir, að hann tilkynni úrsögn sína úr stjórn Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar hf., og jafnframt, að hann hafi látið af störfum sem framkvæmdastjóri, sbr. dskj. nr. 8. Í þessu sambandi sé jafnframt vísað til dskj. nr. 5, en þar komi fram, að firmað riti tveir stjórnarmenn saman og að Svavar Egilsson hafi prókúruumboð. Í ofangreindu vottorði frá Hlutafélagaskrá sé ekkert minnst á Andra Ingólfsson. Ekkert liggja fyrir, sem bendi til þess, að hann hafi haft umboð til að fram-selja bréfið. Þá er vísað til 4. mgr. 52. gr. l. nr. 32/1978 um hlutafélög, þar sem segi, að einungis félagsstjórn geti veitt prókúruumboð.

Hér sé því um fölsun framsals að ræða, sem leiði til þess, að stefnandi geti engan rétt byggt á skjalinu.

Þess sé að gæta, að rík aðgæsluskylda hvíli á framsalshafa, þar sem um nafnbref sé að ræða og tilefni aðgæslunnar komi fram á skjalinu sjálfu.

Svavar Egilsson, fyrrverandi forstjóri Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar hf., hafi fullyrt við stefndu, eftir að ljóst var, að samrit bréfsins hafði komist í umferð, að Andri hefði ekki haft prókúru og ekkert umboð til að framselja það. Sönnunarbyrði um heimild til framsals hvíli á stefnanda einum. Þess vegna sé því haldið fram, að hér hafi verið um algeran umboðsskort að ræða. Að mati stefndu yrði Andri aldrei talinn hafa haft umboð til að fram-selja skjalið f. h. Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar hf. til Ingólfs Guðbrands-sonar. Hér sé um mótbáru að ræða, sem glattist ekki. Stefndu halda því

fram, að við framansagt hafi framsalsröð rofnað, og geti þeir því komið að öllum vörnum gagnvart stefnanda, eins og þeir hefðu getað gagnvart upphaflegum eiganda skjalsins. Stefnandi hafi ekki komist að skjalinu með lögformlegum hætti, og því gildi viðskiptabréfareglur ekki um það. Þá sé á það bent, að hér sé um nafnbref að ræða, sem geri stöðu stefndu sérstaklega sterka. Grandleysi, sem stefnandi kynni að bera fyrir sig, skipti engu máli, þegar svo hátti til sem hér segi, enda telji stefndu þar fyrir utan, að stefnandi hafi ekki verið grandlaus við móttöku samritsins eða a. m. k. sýnt af sér stórfellt gáleysi.

Stefndu telja fullvíst, að með framangreindu framsali hafi Andri verið að fremja refsiverðan verknað, og vísa m. a. til dskj. nr. 8. Þeir fullyrði, að Andri hafi alltaf vitað, að um samrit væri að ræða. Andri hafi með þessum hætti verið að liðka til fyrir föður sinn, Ingólf Guðbrandsson. Þá sé á það bent, að þetta fari fram stuttu fyrir gjaldþrot Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar hf. Svavar Egilsson hafi tjáð stefndu, að frumrit bréfsins hafi átt að afhenda Ingólfi Guðbrandssyni, þegar handveðið félli niður.

Það skjal, sem stefna þessi sé risin af, hafi verið samrit þess bréfs, sem afhent hafi verið Reykvískri tryggingu hf., og hafi því aldrei verið raunverulegt skuldabréf, og geti því engin krafa verið til vegna þess skjals og stefnandi því ekki kafið stefndu um greiðslu. Aðeins eitt skuldabréf hafi verið gefið út af stefndu til Ferðamiðstöðvarinnar Veraldar hf., og hafi það verið 1. 11. 1991 og afhent Svavari Egilssyni, þáverandi forstjóra fyrirtækisins, sbr. dskj. nr. 7. Það bréf hafi verið framselt Reykvískri tryggingu hf. Andra Ingólfssyni hafi verið fullkunnugt um, að aðeins hafi verið um eitt bréf að ræða og að Svavar hafi framselt bréfið Reykvískri tryggingu hf. Bréfið hafi verið gefið út vegna viðskiptaferðar Jóns G. Zoëga til útlanda. Stefndu telji, að Andri hafi beitt þá blekkingum, þegar hann kom til fundar við Jón Ingólfsson hrl. og bað um, að bréfinu yrði breytt frá því, sem það upphaflega var, þ. e. bundið lánskjaravísitölu, í að vera bundið vöxtum óverðtryggðra bréfa. Hafi útgefendur bréfsins talið á þessum tíma, að þetta væri það bréf, sem þeir hefðu afhent Svavari.

Stefndu vísa til l. nr. 32/1978 um hlutafélög, l. nr. 7/1936 og l. nr. 91/1991. Vaxtakröfur eru byggðar á l. nr. 25/1987. Krafa um greiðslu virðisaukaskatts er studd lögum nr. 50/1988 með síðari breytingum. Málskostnaðarkrafa er studd 21. kafla laga nr. 91/1991.

IV.

Forsendur og niðurstæða.

Stefndi reisir varnir sínar á því annars vegar, að bréfið sé ekki viðskiptabréf, heldur samrit skuldabréfs, og verði málið því ekki rekið skv. XVII.

kafla einkamálalaga. Hins vegar byggir stefndi varnir sínar á því, að framsalsröð á bréfinu sé rofin, og hafi stefnandi því ekki komist að bréfinu með lögformlegum hætti.

Í málinu liggja frammi tvö bréf, sem upphaflega voru samhljóða. Er annað bréfið, sem jafnframt er grundvöllur málshöfðunar þessarar, ritað á lög-giltan skjalapappír, en hitt á hvíta örk. Ber hvorugt bréfið með sér áritun um að vera afrit, og verður ekki af bréfunum ráðið á annan hátt, að annað sé fremur afrit en hitt. Stefndu hafa ekki fært fram nein haldbær rök að þeirri fullyrðingu sinni, að ljóst megi vera, að skjal það, sem ritað er á lög-giltan skjalapappír, skuli vera afrit.

Skömmu eftir útgáfu bréfanna breytti stefndi Jón Örn Ingólfsson vaxta-ákvæðum þess bréfs, sem ritað var á löggiltan skjalapappír, og skýrði hann svo frá fyrir dómi, að hann hefði litið svo á, að hann væri að breyta frumriti bréfsins. Engu að síður greiddu stefndu af hinu bréfinu til Skandía-Ísland á þeirri forsendu, að það bréf væri frumrit, enda þótt þeim mætti vera ljóst, að það bréf var með upphaflegum vaxtaákvæðum. Enn fremur mátti aðil-um á þeim tíma vera ljóst, að bæði bréfin voru komin í umferð sem frumrit, þar sem hafin var innheimta af þeim báðum.

Liggur ekki annað fyrir en stefnandi hafi verið í góðri trú, þegar hann fékk bréf það, sem hér er deilt um. Með því að bréfið er að öllu leyti form-lega rétt sem skuldabréf, er hafnað þeim málsástæðum stefndu, að um sam-rit bréfs sé að ræða, er ekki falli undir þær reglur, sem gilda um við-skiptabréf.

Gegn andmælum stefnanda er ósönnuð sú fullyrðing stefndu í greinar-gerð, að stefnandi hafi skuldbundið sig til að bera ekki fyrir sig XVII. kafla l. nr. 91/1991 í máli þessu.

Umdeilt skuldabréf er gefið út til Ferðaskrifstofunnar Veraldar, en fram-selt Ingólfi Guðbrandssyni af Ferðamiðstöðinni Veröld. Undir það framsal, sem er dagsett 29. nóvember 1991, ritar Andri Ingólfsson.

Ágreiningslaust er með aðilum, að átt sé við Ferðamiðstöðina Veröld hf. í skuldabréfinu á dskj. nr. 3 í bæði skiptin, og er því ekki haldið fram, að framsalsröð hafi rofnað fyrir það, að ekki var rétt staðið að framsali að þessu leyti. Hins vegar vísa stefndu til umboðsskorts Andra Ingólfssonar til að skuldbinda hlutafélagið á þessum tíma.

Fallast má á það með stefnanda, að formlega sé rétt staðið að framsali bréfsins, og skiptir ekki máli að því leyti, hvort Andri Ingólfsson hafði í raun umboð til að binda hlutafélagið, þegar hann framseldi bréfið, enda liggur ekki annað fyrir en stefnandi hafi verið í góðri trú, þegar hann tók við bréfinu.

Fullyrðingar stefndu um, að framsalið sé falsað, eiga ekki við hér, enda er ágreiningslaust, að það var Andri Ingólfsson sjálfur, sem ritaði undir framsalið.

Samkvæmt framansögðu ber að taka kröfur stefnanda á hendur stefndu, Lögmonnum Jóni Erni Ingólfssyni hrl. og Jóni Gunnari Zoëga hrl., til greina að öllu leyti, enda er ekki deilt um fjárhæðir í máli þessu.

Kröfu sína á hendur stefnda Ingólfi Guðbrandssyni styður stefnandi sjálf-skuldarábyrgð, sem hann tókst á hendur jafnframt framsali sínu til bankans. Er málið dæmt á hendur þessum stefnda samkvæmt fram lögðum skjölum og skilríkjum, og með því að þau eru í samræmi við dómkröfur stefnanda, verða kröfur hans á hendur þessum stefnda teknar til greina að öllu leyti.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefndu in solidum til að greiða stefnanda 200.000 kr. í málskostnað, og hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu Jón Örn Ingólfsson, Haukanesi 21, Garðabæ, og Jón Gunnar Zoëga, Reynimel 29, Reykjavík, sameigendur fyrirtækisins Lögmennt Jón Örn Ingólfsson hrl. og Jón Gunnar Zoëga hrl., Skúlagötu 30, Reykjavík, f. h. fyrirtækisins og persónulega, svo og Ingólfur Guðbrandsson, Laugarásvegi 21, Reykjavík, greiði in solidum stefnanda, bankastjórn Landsbanka Íslands, Austurstræti 11, Reykjavík, f. h. bankans 1.083.263 kr. með dráttarvöxtum skv. 10. gr., sbr. 14. gr. l. nr. 25/1987, sbr. 5. gr. l. nr. 67/1989, frá 1. 5. 1992 til greiðsludags, og leggjast vextir við höfuðstól á tólf mánaða fresti, í fyrsta sinn 1. 5. 1993. Þá greiði stefndu in solidum stefnanda 200.000 kr. í málskostnað.
